

**Ed. 166. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]**  
um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Jón Helgason, Geir Gunnarsson, Ágúst Einarsson,  
Jón G. Sólmes, Karl Steinar Guðnason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Stjórninni til aðstoðar við framkvæmdina tilnefna þingflokkarnir fimm menn í nefnd, stjórnarflokkarnir hver um sig einn mann, en stjórnarandstaðan tvo. Nefndin skiptir með sér verkum.

Markmiðið er veruleg fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. sameining fjármálastofnana og skorður við óhóflegum byggingum.

**Greinargerð.**

Naumast verður um það deilt, að ofvöxtur hefur hlaupið í fjármálakerfið. Samhliða hefur það orðið sífellt vanmáttugra að leysa þau verkefni, sem peningastofnunum eru ætluð í nútímapjóðfélagi. Tilraunir, sem gerðar hafa verið til endurbóta, hafa einna helst orðið til að flækja mál sífellt meir og torvelda úrlausnir. Stóraukið starfslið hefur síst orðið til bóta. Ljóst ætti að vera, að sjálft mun kerfið ekki snúast gegn þessari framvindu. Óhjákvæmilegt er því, að Alþingi taki í taumana. Því er tillaga þessi nú flutt.